



# Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Við Skólalaut 210 Garðabæ – Sími 520-1600 – Netfang [fg@fg.is](mailto:fg@fg.is) – Heimasíða [www.fg.is](http://www.fg.is)

## Opinn fundur 6. október 2021 í Urðarbrunni

Byrjað var á myndbandi frá nýnemaferð 2021. Það var skemmtilegt og sýndi flotta nemendur skólans skemmta sér konunglega.

Kristinn Þorsteinsson (KÞ) skólameistari byrjaði fundinn og bauð alla nemendur velkomna og sagði að þetta væri fyrsti fundurinn síðan faraldurinn reið yfir.

Helgi Már Herbertsson forseti NFFG:

- sagði frá salsaballinu í nóvember
- FG-Flens deginum 22.10. Hvatti nemendur til að taka þátt, FG verður að sigra í ár.
- nefndi nemendakortin, hægt að nota Aurappið til að nota afslætti.
- Peysurnam koma bráðlega í sölu.
- Hvatti nemendur til að elta á NFFG á Instagram.

Kristinn ítrekaði að allt þyrfti að fara vel fram fyrir FG-Flens og reyna að koma í veg fyrir eggjakast í skólana, einu fórnarlömbin þar eru þeir sem þurfa að þrifa upp subbuskapinn.

KÞ hrósaði nemendum fyrir vel heppnaðan dansleik á Spot í síðustu viku.

- Spurt var um frí í fyrstu tímuna eftir ball, yrði vel þegið hjá nemendum.
  - Umræða hefur verið um þetta áður. Stuttur fyrirvari í ár vegna C-19 en vonandi verður hægt að skipuleggja þetta betur næst. Verður tekið til alvarlegrar skoðunar.
- Þarf að skrá nýnema 2004 í ferðina eða eru þeir sjálfkrafa skráðir?
  - Fá sent leyfisbréfið sem þarf fyrir ferðina, þarf ekki að skrá sig.
- Af hverju var ekki kvenkyns listamaður á ballinu?
  - Verður skoðað og gert betur næst hvað þetta varðar.
- KÞ talaði um bílastæðin. Þau eru ekki nægilega mörg fyrir alla bílana en það má alls ekki leggja í hringnum fyrir framan skólann og ekki fyrir framan hjólastæðin. Nemendur verða að laga þetta enda getur aðkoma sjúkrabifreiða verið undir.
- Lagt til að bílastæðin verði stækkuð.
  - Komið hefur til tals að borga þurfi fyrir bílastæðin en þá þarf að leysa að nemendur leggi ekki hjá nágrönnum skólans sem eru duglegir að hringja þegar svo er. Vandinn má ekki færast annað.
- Í hvaða íþróttum verður keppt í á FG-Flens deginum?
  - Það verður m.a. fótbolti, körfubolti, handbolti, bandý, skæri-steinn-blað á milli forseta. Einnig verður reipitog meðal starfsmanna skólanna. Hér skal tekið fram að starfsmenn FG hafa alltaf unnið reipitogið.
- Er hægt að tryggja öryggi nemenda á balli til að koma í veg fyrir kynferðislega áreitni?
  - Þetta er tekið mjög alvarlega og nemendur þurfi að láta stjórnendur eða námsráðgjafa vita um leið ef þetta kemur upp. Við viljum gera eins vel og við getum varðandi þetta.
- Umræða um Egil Gillz sem var skemmtikraftur á ballinu.



# Fjölbrautaskólinn í Garðabæ

Við Skólalaut 210 Garðabæ – Sími 520-1600 – Netfang [fg@fg.is](mailto:fg@fg.is) – Heimasíða [www.fg.is](http://www.fg.is)

- Ábending um að margir leikir og þrautir getir verið erfiðir fyrir marga og jaðri við að vera kynferðislegar.
  - Ábending tekin til skoðunar hjá nemendafélaginu. Tekið fram að enginn þurfti að gera neitt sem hann ekki vildi, í öllum tilfellum var óskað eftir sjálfboðaliðum.
  - KP þakkaði fyrir kjarkinn að koma fram með þessar ábendingar, nauðsynlegar til að breyta því sem þarf að breyta.
- Ábending ítrekuð um nauðsyn þess að nemendur fái frí í fyrstu tímum eftir ball, ekki hægt að ná nægilega löngum svefni samkvæmt ráðleggingum landlæknis.
  - Aftur, ábending tekin til skoðunar og umræða verður innan skólans.
- Til NFFG: er hægt að kaupa það sem þarf fyrir borðtennisborðið og þythokkið?
  - Það var gert í gær, nemendur hvattir til að fara vel með hlutina.
- Af hverju þarf að vinna upp veikindi í íþróttum?
  - Einkunn í íþróttum byggir á mætingu og þetta er tækifæri fyrir nemendur til að vinna upp einkunnina og jafnvel koma sér frá falli í áfanganum.
- Kynsegin nemendur í skólanum.
  - Þetta er nýtt fyrir svo mörgum. Skoða þarf umhverfið til að öllum nemendum geti liðið vel, KP þiggur allar hugmyndir til að gera góðan skóla betri.
- Nýnemi mjög ánægður með að vera nýnemi í FG og þakkar stjórn fyrir frábæra daga.
- Kvartað var yfir að kennarar gefa fjarvist í staðinn fyrir að gefa seint þegar nemandi kemur seint.
  - Nemendur hvattir til að mæta betur. Hægt að senda kennara tölvupóst og minna á lagfæringu.
- Aftur fær stjórn NFFG hrós.
- Af hverju er ekki Nocco í matsölunni? Mesta dósaruslið eru Noccodósir.
  - Heilsusjónarmið ráða för.
- Af hverju er ekki hægt að mæta í ræktina og sleppa íþróttum?
  - Fjölbreyttar íþróttir í boði og í FG er flott íþróttakennsla. Þessu verður ekki breytt.

Fundi slitið.

Fundarritari Kristín Helga Ólafsdóttir